

GJALDSKRÁ

fyrir Slökkvilið Súðavíkur.

1. gr.

Verkefni Slökkviliðs Súðavíkur ákvarðast af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Af gjaldskyldum verkefnum skal slökkviliðið taka gjald í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna þeirra. Gjald skal ákvarða á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Þegar um útkall er að ræða er að lágmarki innheimt fyrir fjóra tíma vegna hvers starfsmanns. Innheimt er fast tímagjald fyrir hverja klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns, sbr. 7. gr.

3. gr.

Af umsögnum til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en einnar klukkustundar ef umsögn er afgreidd á skoðunarstaðnum.

4. gr.

Heimilt er slökkviliðsstjóra að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almanna-hagsmunum. Falli ráðgjafavinna undir ákvæði stjórnsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi.

5. gr.

Súðavíkurhreppur annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Vangreidd gjöld samkvæmt gjaldskránni skulu, þegar vægari innheimtuáðgerðir hafa ekki boríð árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal afla fjárnáms fyrir öllum skuldum skv. ofangreindu. Gjöldum sem til eru komin vegna eftirlits með því að farið hefur verið að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Gjaldskrá Slökkviliðs Súðavíkur:

Dælubill, pr. klst.	kr.	16.000
Lausar dælur, pr. klst.	kr.	8.000
Slökkvibifreið í öryggisvöktun	kr.	7.000
Leiga smærri tækja, pr. klst.	kr.	8.000
Útseld vinna hvers manns, pr. klst.	kr.	8.300

Nr. 1061

26. nóvember 2012

8. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 með síðari breytingum. Gjaldskráin skal uppfærð í síðasta lagi í desember ár hvert. Taka breytingarnar gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Samþykkt í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps, 22. nóvember 2012.

Súðavík, 26. nóvember 2012.

Ómar M. Jónsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. desember 2012